

6. mars 2026

Til: Garðabær
Almar Guðmundsson, bæjarstjóri
Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs
Svanhildur Pengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Frá: Jónas Páll Jakobsson, framkvæmdastjóri Brynju leigufélags ses.

Efni: Stofnframlög Garðabæjar árið 2026

Brynja leigufélag ses. vill með bréfi þessu upplýsa um að félagið hefur lagt fram umsókn til HMS um stofnframlög vegna kaupa á íbúðum í Garðabæ á árinu 2026.

Samstarf Brynju og Garðabæjar hefur reynst afar gott og hefur íbúðum fyrir öryrkja í bænum fjölgað á undanförunum árum. Í lok árs 2025 átti Brynja alls 32 íbúðir í Garðabæ.

Í umsókn Brynju til HMS er sótt um sex stofnframlög vegna kaupa á fjórum tveggja herbergja íbúðum og tveimur þriggja herbergja íbúðum.

Áætlað heildarstofnvirði íbúðanna er um 463,3 m.kr. og nemur 12% hlutur sveitarfélagsins því um 55,6 m.kr. Sú fjárhæð jafngildir um það bil einum áttunda hluta af heildarkaupverði íbúðanna. Nánari upplýsingar um fjárhæðir einstakra íbúða koma fram í umsókninni til HMS.

Rétt er að árétta að stofnframlagafyrirkomulagið felur í sér verulegt hagræði fyrir sveitarfélagið, þar sem Brynja annast rekstur íbúðanna og ber ábyrgð á útleigu, þjónustu við leigjendur og viðhaldi.

Við vonum að umsóknin fái góðar undirtektir og að Brynja og Garðabær geti áfram unnið náið saman að uppbyggingu húsnæðis fyrir öryrkja og þannig styrkt það góða samstarf og þann grunn sem þegar hefur verið lagður.

Með góðri kveðju,

Jónas Páll Jakobsson